



Vægi heilinda í virðiskeðjunni

Viðskiptatraust Landsvirkjunar nær út fyrir eigin starfsemi í virðiskeðjunni. Landsvirkjun leitast við að byggja upp viðvarandi tengsl við samstarfsaðila víða í virðiskeðjunni og stuðla að góðu siðferði, vönduðum stjórnunarháttum og bættum áhrifum á umhverfið og samfélagið.

Landsvirkjun væntir þess af samstarfsaðilum, m.a. af viðskiptavinum og birgjum, að þeir stundi ábyrgan rekstur og taki tillit til umhverfisins og samfélagsins í starfsemi sinni.

Sem aðili að alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna ([UN Global Compact](#)), hvetur Landsvirkjun einnig samstarfsaðila til að virða hinar 10 grunnreglur þess samkomulags á sviði umhverfismála og mannréttinda, viðmið um aðstæður og réttindi verkafólks og vinna gegn spillingu.

Grunnsjónarmið Landsvirkjunar varðandi ábyrgan rekstur og gott siðferði eru útlistaðar í [siðareglum fyrirtækisins](#). Landsvirkjun væntir þess af samstarfsaðilum að þeir taki mið af sams konar grunnsjónarmiðum.